

Mánudaginn 22. ágúst 1988.

Nr. 251/1988. **Ákærvaldið**

gegn

**Bjarna Leifi Péturssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur með heimild 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. þ.m., er barst dóm-inum næsta dag. Hann kærir úrskurðinn í því skyni að hann verði felldur úr gildi, en aðrar kröfur eða greinargerð hafa ekki borist. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði stað-festur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. ágúst 1988.**

Ár 1988, miðvikudaginn 17. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Bjarna Leifi Péturssyni sjómanni verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00 vegna gruns um brot gegn 244., 155. og 233. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

**Málavextir.**

Lögreglan í Reykjavík handtók kærða þann 15. ágúst sl. eftir ábendingu tveggja útlendinga, sem báru að kærði hefði ógnað þeim með hníf, þar sem þeir voru á göngu á Laugaveginum, og hótað að skera þá á háls.

Í lögregluskýrslu kemur fram að kærði hafi viðurkennt verknaðinn í viðræðum við varðstjóra og borið að vera negrahatari. Við leit á kærða fundust tveir hnífar.

Kærði hefur alfarið neitað kæruefni fyrir dómi.

RLR hefur borist kæra vegna stuldar á geislaspilara ásamt ca 45 geisla-plötum. Kærandi, Þóra Snorradóttir, Hverfisgötu 108 hér í borg, bar að Björn Bragi Björnsson sambýlismaður sinn hafi verið heima þann 10. ágúst sl. við áfengisneyslu ásamt kærða Bjarna. Kærandi kvaðst gruna kærða um verknaðinn og að hafa að auki stolið 20.000 kr. í peningum frá Birni, sem hafi verið töluvert ölvaður.

Kærði hefur alfarið neitað að hafa stolið framangreindum verðmætum í skýrslu er hann gaf fyrir dómi.

Kærði er ennfremur grunaður um að eiga aðild að tékkafalsi úr hefti Haralds Haraldssonar, Yrsufelli 22, en eigandi kvað því hafa verið stolið ásamt veski, er hann var að skemmta sér sl. sunnudag á veitingahúsinu Ölkeldunni. Aðfaranótt sl. mánudags var Borgþór Gústafsson stöðvaður á bifreið, ölvaður og réttindalaus, og var kærði farþegi. Borgþór reyndist hafa framangreint hefti undir höndum og bar að Bjarni hafi afhent sér það. Borgþór kveðst ekki hafa notað heftið og ekki hafa séð Bjarna gera það. Sex ávisanir hafa nú borist bönkum úr áðurnefndu hefti.

Kærði hefur alfarið neitað að hafa notað tékka úr framangreindu hefti.

RLR hafa ekki borist tékkarnir í hendur.

Brot þau er kærði er grunaður um að hafa framið geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244., 155. og 233. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og er veruleg hættu á að kærði hafi áhrif á vitni og hugsanlega samseka haldi hann óskertu frelsi. Þykir með hliðsjón af því sem að framan er rakið rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 23. ágúst 1988 kl. 17.00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 23. ágúst nk. kl. 17.00.